

Upplýsingaskjal þetta tilgreinir einungis helstu atriði tryggingarinnar, s.s. hvað er innifalið og hvað ekki. **Ekki** er um að ræða tæmandi upptalningu né persónulegt yfirlit yfir tryggingar sem viðskiptavinir velja. Upplýsingaskjalið hefur ekki lagalega þýðingu og gegnir eingöngu þeim tilgangi að upplýsa viðskiptavinum um helstu þætti tryggingarinnar.

Tryggingayfirlit og nákvæmar upplýsingar um samningsskilmála sem gilda eru aðgengilegar á **váttryggingarskírteini** tryggingarinnar sem hægt er að nálgast á [Mínum síðum](#) Varðar. **Skilmálar** tryggingarinnar hafa að geyma tæmandi upplýsingar um váttryggingarverndina og eru hluti af samningi aðila ásamt váttryggingarskírteini.

Hvernig trygging er Starfsörorkutrygging?

Starfsörorkutrygging bætir þeim tjón sem missa tekjur til skemmri eða lengri tíma vegna skerðingar á starfsorku af völdum slyss eða sjúkdóms. Bætur eru greiddar þegar geta til að starfa á vinnumarkaði skerðist um 50% eða meira.

Tryggingin bætir bæði tímabundinn og varanlegan starfsorkumissi.



Hvað bætir tryggingin?

- ✓ Tímabundinn missi starfsorku vegna sjúkdóms eða slyss ef starfsorkuskerðing er 50% eða meiri.
- ✓ Varanlega skerðingu á starfsorku vegna sjúkdóms eða slyss ef starfsorkuskerðing er 50% eða meiri.

Vinsamlegast athugið að upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar er að finna í skilmála tryggingarinnar.



Hvað bætir tryggingin ekki?

- ✗ Slyss sem váttryggður verður fyrir af völdum skráningarskylds vélknúins ökutækis.
- ✗ Slyss sem verða við fjallaklifur, bjargsig, hnefaleika, glímu- og bardagaíþróttir, akstursíþróttir, fallhlífartökk, froskköfun og teygjustökk.
- ✗ Slyss sem váttryggður verður fyrir í handalögmáli, við þátttöku í refsiverðum verknaði, undir áhrifum deyfi- og/eða fíkniefna eða í ötlæði, nema sannað sé að ekkert samband hafi verið milli ástands þessa og slyssins.
- ✗ Slyss eða sjúkdóma sem verða vegna ásetnings eða stórkostlegs gáleysis váttryggðs.
- ✗ Sjúkdóma sem orsakast af neyslu áfengis, eitur-, deyfi- og nautnalyfja.
- ✗ Slyss eða sjúkdóma sem beint eða óbeint eru af völdum kjarnabreytinga, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, styrjalda, innrásar, uppreisnar, hryðjuverka eða svipaðra aðgerða.
- ✗ Skerðingu sem váttryggður verður fyrir á meðgöngu, við fæðingu eða fósturlát, nema því aðeins að skerðingin sé að völdum fylgikvilla.

Vinsamlegast athugið að upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar er að finna í skilmála tryggingarinnar.



Eru einhverjar takmarkanir eða varúðarreglur?

- ! Falli váttryggður frá áður en endanlegt örorkumat hefur farið fram, greiðast ekki bætur fyrir varanlega örorku.
- ! Við greiðslu bóta fyrir varanlega örorku fellur váttryggingin úr gildi.
- ! Komi í ljós að rangar upplýsingar hafi verið veittar við upphaf tryggingatöku geta slíkar rangar upplýsingar haft áhrif á bótarétt.
- ! Váttryggðum ber að fylgja varúðarreglum Varðar.
- ! Váttryggðum ber að kynna sér skilmála tryggingarinnar.



Hvar gildir tryggingin?

Tryggingin gildir hvar sem er í heiminum. Nánari upplýsingar um gildissvið má finna í skilmála tryggingarinnar.



Hverjar eru skyldur hins tryggða?

- Svvara öllum spurningum félagsins vegna áhættumats rétt og af heiðarleika.
- Veita allar nauðsynlegar upplýsingar, hvort sem er við endurnýjun, breytingar á tryggingunni eða við tjónstilkynningu.
- Tilkynna um tjón við fyrsta hentugleika og eigi síðar en innan árs frá tjónsatburði.
- Tilkynna ber skriflega sérhverja breytingu sem kann að verða á búsetu og starfi.
- Váttryggður skal sinna nauðsynlegum læknis meðferðum eða þjálfun sem ætluð er til að auka vinnufærni
- Váttryggðum ber að leita lækni svo fljótt sem auðið er eftir að skerðing á starfsorku hefur orðið, gangast undir nauðsynlegar lækni aðgerðir og fara í öllu að fyrirmælum lækni.



Hvenær og hvernig er greitt fyrir trygginguna?

Iðgjöld tryggingarinnar ber að greiða á gjalddaga. Við endurnýjun hækkar ársiðgjaldið í samræmi við breytingu á vísitölu frá grunnvísitölu samnings. Vörður sendir kröfur mánaðarlega í heimabanka eða árlega ef óskað er eftir því að greiða iðgjöld í einu lagi. Hægt er að breyta greiðslumáta á [Mínum síðum](#) Varðar. Þar er einnig hægt að velja að greiða iðgjöld með kreditkorti.



Hvenær hefst váttryggingarverndin og hvenær lýkur henni?

Váttryggingarsamningar gilda almennt í 12 mánuði frá samþykkt tilboðs og útgáfu tryggingar og miðast iðgjöld við ársiðgjald. Sé tryggingu ekki sagt upp á því tímabili framlengist hún sjálfkrafa. Tryggingin gildir þó ekki lengur en til 60 ára aldurs váttryggðs. Váttryggingartaki hefur 30 daga frest (iðrunarfrest) til að segja váttryggingunni upp frá þeim tíma er honum barst tilkynning frá félaginu um gildistöku samningsins.



Hvernig er tryggingunni sagt upp?

Viðskiptavinir geta sagt tryggingunni skriflega upp hvenær sem er á vátryggingartímabilinu. Lögjald skal greitt fyrir það tímabil sem félagið er í ábyrgð samkvæmt vátryggingunni.